

1866.
26. febrúar. árangurinn af tillagi sínu, þá væri íhugunarvert, hvort ekki lægi ennþá beinna við, að 200 rd. tillaginu væri varið til að borga læknum þeim, sem talað var um hér að framan, þannig, að 200 rd. tillaginu úr jafnaðarsjóðunum fyrst væri varið til að borga með styrk þann, sem að ætti að gefa þeim fyrirheit um, og að það sem á vantaði væri tekið úr lækna-sjóðnum, og að þar að auki væri borgað úr honum tillag það, sem enn þá þarf með til lækna-kennslu hjá landlækninum, eins og alþingi hefir stungið uppá til vara í 6. niðurlagsatriðinu hér að framan.

Að svo mæltu eruð þér beðnir um að skýra dómsmála-stjórninni frá álit yðar um málefni þetta í heild þess, áður en lengra er farið úti það.

26. febrúar. **23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um byggingarnefndina á Ísafirði.**

Með bréfi þessu eru yður send, herra amtmaður, nokkur exemplör af tveim lagaboðum, sem gefin hafa verið út frá dómsmálastjórninni 26. dag f. m., til þess að þér gjörði ráðstafanir þær, sem með þarf; en lagaboðin eru þessi:

1. reglugjörð um að gjöra verzlunarstaðinn Ísafjörð að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar, og
2. opið bréf um að stofna byggingarnefnd á kaupstaðnum Ísafirði.

Eins og yður mun vera kunnugt, gjörði síðasta alþingi breytingaratkvæði við hið síðarnefnda lagaboðið, þess efnis, að við 1. lið 3. greinar í frumvarpinu væri bætt þessum orðum: „Byggingarnefndin hefir ekki umráð yfir lóð prestssetursins að öðru leyti en því, sem hún samkvæmt 4. gr. B til tekur, hve nærri megi byggja húsum á kaupstaðarlóðinni.” Ef farið er eptir ástæðum þeim, sem alþingi hefir komið með í álitsskjali sínu fyrir breytingaratkvæði þessu (smbr. Tíðindi frá alþingi 1865 II, 230. bls.), en ástæðan er sú: að girða fyrir, að lagaboðið verði ekki misskilið svo, að byggingarnefndin eigi ráð á að vísa á húsastæði á lóð prestssetursins, þá væri breytingarat-

1866.

26. febrúar.

kvæðið öldungis óþarft, því að það er vitaskuld, að byggingar-
nefndin getur ekki fremur átt með að vísa á húsastæði á lóð
prestssætursins, en á einstakra manna lóðum í bænum. En á
umræðunum sést, að það var ekki þetta atriði, sem þókti
misskilningi undirorpið, heldur hitt, hvort byggingarnefndin ætti
ráð á að hafa umsjón þá, sem skipað er fyrir um í 4. grein
opna bréfsins, þá er byggja ætti hús á lóð prestssætursins.
Dómsmálastjórninni þókti samt sem áður ekki vera ástæða til
að leggja með, að þessari viðaukaákvörðun væri skotið inn í
opna bréfið, og þegar málið var borið upp fyrir konungi, tók
dómsmálastjórnin um þetta atriði fram, að þegar tillit er haft til þess,
að lóð prestssætursins og kaupstaðarins ná saman, virtist það
vera edlilegast, að sömu reglunum, sem settar eru um húsa
byggingar á lóð kaupstaðarins, væri fylgt þá er hús eru byggð
á lóð prestssætursins; það virtist heldur ekki neitt geta verið
þessu til fyrirstöðu af brauðsins hálfu, því að þá hefðu menn
einmitt vissu fyrir, að húsin á prestssetrinu væru haganlega
byggð, og það gæti aptur verið mjög áriðandi, ef svo kæmi fyrir,
að menn vildu fá ábyrgð á þeim fyrir bruna. Við þetta bætist,
að það getur ekki þókt rétt, að einstakir menn, sem kaupa sér
húsastæði á lóð prestssætursins, seu undanþegnir umsjón þeirri,
sem rædt er um í 4. grein opna bréfsins, með húsum sem þeir
láta byggja þar.

Samkvæmt því sem nú hefir sagt verið hlýtur dómsmála-
stjórnin að vera á því máli, að eptirlit byggingarnefndarinnar
einnig eigi að ná til húsa þeirra, sem byggð verða á lóð prests-
setursins, og eruð þér beðnir að gefa byggingarnefnd þeirri, sem
sett verður á Ísafirði, það til vitundar.

24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtamannsins og amtmannanna á Íslandi, um fjárlækningameðöl og kennslu í dýralækningafræði.

26. febrúar.

Með bréfi þessu eru yður, herra (tit.), send nokkur exemplör
af tilskipun um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi,